



FÉLAG SKÓGARBÆNDA
Á NORÐURLANDI

Stjórnarfundur Félags skógarbænda á Norðurlandi.

Fundur í stjórn Félags skógareigenda á Norðurlandi haldinn 7. ágúst 2015 í Gömlu gróðrarstöðinni kl.11:00

Mætt eru: Sigurlína Jóhannsdóttir, Davíð Herbertsson, Sigrún H. Þorsteinsdóttir og Baldvin Haraldsson. Valgerður Jónsdóttir framkvæmdarstjóri Norðurlandsskóga sat einnig fundinn. Helga Bergsdóttir boðaði forföll.

Rætt var um útgáfu Bjarkarinnar. Samstarf hefur verið milli FSN og Norðurlandsskóga um útgáfuna og hefur Valgerður séð um hana. Stefnum að áframhaldandi samstarfi og Norðurlandsskógar munu einnig nota Björkina til að koma skilaboðum til skógarbænda eins og verið hefur. Stefnt er að útgáfu í annari viku september. Kostnaður við að koma Björkinni út, er um 20.000 kr í hvert skipti sem Norðurlandsskógar hafa borið. Kynning á nýrri stjórn og útskýring á félagsgjöldum mun verða meðal efnis í næsta riti. Baldvin kom með tillögu að Davíð sendi inn vísu í hvert rit.

Næst var rætt um aðalfund LSE 2. og 3.oktober í Stykkishólmi. Sigrún, Davíð og Baldvin stefna á að fara en formaðurinn, Sigurlína á ekki heimangengt þessa daga. Hvatt var til að samnýta bíla sé þess nokkur kostur. Formaður ætlar að panta fyrir aðalfundinn og kom fram að félagið borgar mat, fundarsetu og gistingu fyrir stjórnarfólk. Öllum félögum í FSN er heimil fundarseta á aðalfundi.

Rætt var um tillögur á aðalfund.

Tillaga 1. Stjórn FSN beinir til umhverfisráðherra að við sameiningu skógargeirans verði þess gætt að tryggt verði aukið fjármagn til nýskógræktar og umhirðu í skógum bænda. Einnig að þjónusta við skógarbændur verði ekki skert.

Tillaga 2. Stjórn LSE beiti sér fyrir að samræmi sé í félagsgjöldum félaganna. (ritari hefur sett spurningamerki við þessa tillögu í glósunum).

Anna Ragnarsdóttir núverandi fulltrúi okkar í LSE gefur ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Verið er að vinna í þeim málum og Sigrún gefur kost á sér sem varamaður.

Ræddum lítilega um ferðakostnað okkar á stjórnarfundi en frestuðum umræðu um það þar til stjórn er fullskipuð.

Ræddum um innheimtu félagsgjaldanna samkvæmt ákvörðun aðalfundar. Sigurlína ætlar að vinna í félagatalinu og ræða við starfsfólk bankans um framkvæmd innheimtunar.

Gengið var frá breytingu á prókúruhafa fyrir félagið.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Sigrún Hrönn Þorsteinsdóttir.